

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, kt. 710812-0120 og mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í þessum samningi nefnd ráðuneytin og Eyþing – samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, kt. 561192-2199, í samningi þessum nefnd landshlutasamtök, gera með sér eftirfarandi samning.

Samningur um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019

1. grein. Markmið

Markmið sóknaráætlana landshluta er að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála byggja á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans.

Markmið samningsins er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Til að vinna að markmiðum landshlutans munu landshlutasamtökin:

- Vinna sóknaráætlun Norðurlands eystra þar sem staða landshlutans er greind og markmið sett til lengri og skemmri tíma.
- Setja upp uppbyggingarsjóð sem styður menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni í samræmi við markmið sóknaráætlunar landshlutans.
- Skilgreina áhersluverkefni fyrir samningstímabilið sem fram koma í sóknaráætluninni og endurspeglar markmið hennar.

1. KAFLI SÓKNARÁÆTLUN


2. grein. Sóknaráætlun

Sóknaráætlun Norðurlands eystra er þróunaráætlun landshlutans og felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn, markmið og leiðir til að ná fram þeirri framtíðarsýn. Forgangsröðun verkefna byggir á sóknaráætlun landshlutans. Áætlunin er gerð til 5 ára en hægt er að uppfæra hana innan tímabilsins með sömu skilyrðum og gilda um upphaflega mótun hennar.

3. grein. Innihald

Áætlunin skal að lágmarki marka stefnu landshlutans í eftirfarandi málaflokkum:

- Menningarmálum.
- Nýsköpun og atvinnuþróun.
- Uppbyggingu mannauðs.
- Lýðfræðilægri þróun svæðisins.

The image shows two columns of handwritten signatures and initials. The top column contains two large, stylized signatures. The bottom column contains two sets of initials, one appearing to be '37' and the other 'LE'.

Sóknaráætlun skal einnig taka til samstarfs við aðra landshluta þar sem um er að ræða skörun á atvinnu- og þjónustusóknarsvæðum, eins og þau eru skilgreind af Byggðastofnun á hverjum tíma.

Sóknaráætlun landshlutans skal í það minnsta byggja á eftirfarandi stöðum:

- Greiningu á stöðu svæðisins.
- Stefnumótandi áherslum samráðsvettvangs í landshlutanum.
- Svæðisskipulagi, þar sem það liggur fyrir.

Landshlutinn setur sér leiðarljós sem tekur mið af áherslum Vísinda- og tækniráðs Íslands, þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun, þingsályktun um menningarstefnu og annarri stefnumótun ríkisins eftir því sem við á með tilliti til málaflokka a) til d) hér að ofan.

4. grein. Samráðsvettvangur

Landshlutasamtökin skipa samráðsvettvang þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangs og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar.

Samráðsvettvangurinn skal koma saman að minnsta kosti árlega og ræða framgang sóknaráætlunar.

2. KAFLI UPPBYGGINGARSJÓÐUR

5. grein. Hlutverk

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðurinn styrkir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði verkefna.


6. grein. Umsýsla

Landshlutasamtökin annast umsýslu sjóðsins. Auglýsa skal opinberlega, minnst einu sinni á ári, eftir umsóknum um styrki til verkefna sem samræmast sóknaráætlun landshlutans.

Landshlutasamtökin setja sér verklagsreglur vegna úthlutana úr sjóðnum. Í reglunum skal meðal annars koma fram hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir frá umsækjendum, hvað telst styrkhæfur kostnaður og hvaða viðmið gilda við mat verkefna. Jafnframt skal koma fram fyrirkomulag við útborgun styrkja og uppgjors verkefna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.

7. grein. Úthlutunarnefnd

Landshlutasamtökin skipa úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðsins. Hlutverk úthlutunarnefndar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórna skulu ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna. Starfsmenn landshlutasamtaka eða skyldra aðila geta ekki setið í úthlutunarnefnd. Heimilt er að starfrækja fagráð í einstökum málaflokkum.



Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirbyggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Ef viðkomandi er vanhæfur, ber honum að víkja af fundi og skráist það í fundargerð. Ekki nægir að viðkomandi sitji hjá við atkvæðagreiðslu um mál sem hann er vanhæfur í. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

8. grein. Þátttaka tengdra aðila

Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af uppbyggingarsjóði landshlutans.

3. KAFLI ÁHERSLUVERKEFNI

9. grein. Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru sammingsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangsins. Verkefnunum skal ljúka fyrir árslok 2019. Verkefni geta til dæmis verið ráðgjafar- og átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtakanna.

10. grein. Staðfesting stýrihóps

Verkefnin þurfa að hljóta staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

4. KAFLI RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA OG UMSÝSLA

11. grein. Grunnframlög

Grunnframlög til sóknaráætlana landshluta koma frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

12. grein. Upphæðir

Til sóknaráætlunar Norðurlands eystra renna kr. 112.377.917 á ári með fyrirvara um samþykki fjárlaga. Framlagið skiptist eins og fram kemur hér að neðan.

Grunnframlög:

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	60.698.303
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	34.679.614


Lágmark 55% af grunnframlaginu (alls kr. 95.377.917) skal renna í uppbyggingarsjóð landshlutans, samkvæmt 2. kafla þessa sammings.

Önnur framlög – sjá nánar í viðauka I:

Af fjárlagalið 02-999-1.98	6.400.000
Sveitarfélög á Norðurlandi eystra	10.600.000

Heimilt er að semja um framlög annarra aðila að samningunum.

Óráðstafað fé úr samningi um framlög til byggðapróunar á Norðurlandi eystra árið 2014 og menningarsamningi Norðurlands eystra árið 2014 skal færa yfir í þennan samning. Jafnframt



skal ónýtt fjármagn (kr. 15.000.000) úr samningi um framkvæmd sóknaráætlunar Eypings árið 2013 færast yfir í þennan samning.

Vaxtatekjur fjármuna samnings þessa skulu tilheyra honum og færðar í ársreikning hans.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna að því að auka ráðstöfunarfé til samningsins á samningstímanum.

13. grein. Greiðslutilhögun

Greiðslur frá ráðuneytunum renna til Byggðastofnunar sem annast afgreiðslu framlaga til landshlutasamtaka.

Við undirritun samnings þessa greiðast 30% samningsupphæðar fyrsta árs. Eftir það fara greiðslur fram eftir greiðslubeiðnum frá landshlutasamtökunum og byggja á framlögðum gögnum um framvindu verkefna.

Lokagreiðsla framlags, 20% af heildarupphæð ársins 2019, greiðist í kjölfar staðfestingar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál til ráðuneytanna þess efnis að landshlutasamtökin hafi staðið við skilyrði samnings þessa á grundvelli greinargerðar um framkvæmd sóknaráætlunar og skilað endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri eigi síðar en 31. maí 2020.

14. grein. Kostnaður vegna framkvæmdar samningsins

Landshlutasamtökunum er heimilt að nýta allt að kr. 9.000.000 á ári í beina umsýslu með samningi þessum. Til umsýslu telst kostnaður vegna auglýsinga styrkja, úthlutunarnefndar og fagraða, fundakostnaður og kostnaður vegna endurskoðunar. Þá er heimilt að greiða hluta af launakostnaði starfsmanns sem vinnur að undirbúningi og framkvæmd samningsins.

15. grein. Ábyrgð styrkþega

Hlutverk landshlutasamtakanna er að annast framkvæmd samnings þessa.

Landshlutasamtökin bera ábyrgð á skuldbindingum sem þau stofna til í tengslum við samning þennan.

Landshlutasamtökunum er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila nema með samþykki stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál og að setja fjármuni sem þeim eru veittir samkvæmt samningi þessum til tryggingar fjárskuldbindingu, skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

16. grein. Upplýsingar, samskipti og eftirlit

Ráðuneytin fela stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, eftirlit og umsýslu með samningi þessum. Sjá viðauka II.

Fulltrúar stýrihópsins og landshlutasamtakanna skulu funda árlega um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar landshlutans.

Landshlutasamtökin skila árlega greinargerðum um framkvæmd samningsins til stýrihópsins þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um skiptingu fjármuna milli málaflokka. Þar skulu jafnframt koma fram upplýsingar um samfélagsleg áhrif, mótframlög, fjölda þátttakenda í verkefni og/eða viðburði, fjölda starfa sem sköpuð voru, kynjahlutföll styrkþega og þeirra sem njóta afraksturs verkefna o.s.frv.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including a large signature and several smaller initials.

Landshlutasamtökin bera jafnframt ábyrgð á að standa skil á öðrum upplýsingum sem ráðuneytin, eða aðrir í umboði þeirra, kunna að kalla eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar, sem og eftirlits og umsýslu með framkvæmd þessa samnings.

Tekjum og gjöldum sem tengjast samningi þessum skal haldið aðskildu í bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningi landshlutasamtakanna.

Samning þennan, ársreikning landshlutasamtakanna, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef landshlutasamtakanna jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Stýrihópnum er heimilt að birta gögnin á vefsíðum Stjórnarráðsins eða undirstofnana.

Landshlutasamtökin skulu setja á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem upplýsingar um framvindu verkefna, skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.fl. sem tengist verkefnum sem falla undir samning þennan skal koma fram með tryggilegum hætti að þau séu hluti af sóknaráætlun landshlutans og á ábyrgð landshlutasamtakanna.

17. grein. Vanefndir, meðferð ágreinings og endurskoðun

Uppfylli landshlutasamtökin ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er ráðuneytunum heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og/eða endurkrefja um greiðslur sem þegar hafa runnið til landshlutasamtakanna enda hafi ekki tekist að jafna ágreining á milli samningsaðila.

Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa á samningstímabilinu ef sérstakt tilefni gefst.

18. grein. Gildistími og lok samnings


Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir til ársloka 2019.

Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.


Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili sínu eintaki.

19. grein. Bráðabirgðaákvæði


Landshlutasamtökin skuldbinda sig til að vinna sóknaráætlun landshlutans fyrir árin 2015-2019 sem verði samþykkt eigi síðar en 22. júní 2015. Þar til ný sóknaráætlun tekur gildi skal úthlutun fjármagns úr uppbyggingarsjóði taka hliðsjón af eldri samningum, svo sem menningarsamningum, vaxtarsamningum og sóknaráætlunarsamningum.



Reykjavík 10. febrúar 2015



Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra



Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Logi Már Einarsson
formaður stjórnar Eypings,
sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

Viðaukar:

- Viðauki I Önnur framlög, með vísan í 12. gr. samnings um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019.
- Viðauki II Yfirlýsing um ábyrgð og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál varðand eftirlit og umsýslu.

Viðauki II

við samning um sóknaráætlun landshluta 2015-2019

Yfirlýsing um ábyrgð og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál varðandi framkvæmd og eftirfylgni samninga um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa undirritað samninga um sóknaráætlanir fyrir árin 2015-2019 við átta landshlutasamtök sveitarfélaga. Ráðuneytin fela stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál umsjón og eftirlit með samningunum.

Umsjónar- og eftirlitshlutverk stýrihópsins felst í eftirtöldu:

- a) Staðfesta sóknaráætlanir landshluta og áhersluverkefni.
- b) Staðfesta verklagsreglur landshlutasamtaka vegna úthlutana úr uppbyggingarsjóði.
- c) Funda árlega með forsvarsmönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar.
- d) Móttaka og yfirfara skilagreinar frá landshlutasamtökum um framvindu áhersluverkefna og skjalfestri fjárhagslegri stöðu þeirra, sem og upplýsingar um skiptingu fjármuna milli málaflokka.
- e) Skila árlega stuttri greinargerð til ráðuneytanna um framkvæmd sóknaráætlana.
- f) Meta, með hliðsjón af upplýsingum frá landshlutasamtökunum, hvort staðið hafi verið við skilyrði samningsins um framkvæmd sóknaráætlunar svo lokagreiðsla samningsfjárhæðar geti farið fram.
- g) Hafa almennt samráð og samskipti um framkvæmd sóknaráætlunarsamninga og fylgja eftir ákvæðum samninganna um skil og upplýsingagjöf.



Viðauki I

við samning um sóknaráætlun landshluta 2015-2019

Önnur framlög, með vísan í 12. gr. samnings um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019

Framlög til sóknaráætlana landshluta skiptast í grunnframlög og önnur framlög. Til annarra framlaga í sóknaráætlun Norðurlands eystra teljast eftirtaldir liðir:

Af fjárlagalið 02-999-1.98..... 6.400.000
Um er að ræða framlag sem runnið hefur til Urðarbrunnis - menningarfélags.

Sveitarfélög á Norðurlandi eystra 10.600.000
Um er að ræða sameiginlegt framlag sem sveitarfélögin á Norðurlandi eystra leggja að lágmarki til menningarmála.

33
7
CE